

Ársskýrsla 2024



GRÆNNI
BYGGÐ
GREEN BUILDING
COUNCIL ICELAND



Ávarp stjórnarformanns



Íris Þórarinsdóttir,
stjórnarformaður

Enn eitt frábært árið er liðið í sögu Grænni byggðar, en félagið var stofnað árið 2010 undir nafninu Vistbyggðarráð.

Tilgangur félagsins hefur frá upphafi verið að vera leiðandi vettvangur á sviði vistvænnar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi. Markmið félagsins er að hvetja til stöðugra umbóta í anda sjálfbærrar þróunar í mannvirkjagerð og skipulagi og stuðla þannig að því að þjóðin geti ávallt búið við heilbrigð og góð lífsskilyrði.

Aðilar félagsins eiga það sameiginlegt að vilja auka vegferð vistvænni mannvirkjagerðar á Íslandi. Lengi vel var Grænni byggð (og þar áður Vistbyggðarráð) í grasrótinni að sinna þessu hlutverki, án víðtækrar þátttöku margra annarra. En nú er það orðið aðeins meira „mainstream“ að stunda sjálfbærni í byggingariðnaði. Til dæmis er núna komið inn í byggingarreglugerð að gera lífsferilsgreiningar fyrir allar byggingar sem mun skylda alla sem skila inn byggingarleyfisumsókn til að huga að kolefnisspori framkvæmdarinnar. Að auki hefur Askur - mannvirkjarannsóknarsjóður gert fleiri aðilum kleift að stunda rannsóknir sem stuðla að vistvænni mannvirkjagerð og Grænni byggð hefur einnig tekið þátt í mörgum verkefnum sem styrkt hafa verið af sjóðnum. Byggjum grænni framtíð; verkefnið sem HMS stýrir, er svo búið að vera góð innspýting í geirann, en þar á Grænni byggð líka góða aðkomu. Að lokum eru aðilar okkar svo flestir að vinna að spennandi verkefnum á ýmsum skala, sem áhugavert er að fylgjast með. Það má því segja að framtíðin sé björt.

En hvernig ætlar Grænni byggð að skara fram úr þegar svo margir aðilar eru komnir á vagninn? Jú, kostur okkar er að við erum frjáls félagasamtök og við getum gert það sem okkur og aðilum okkar þykir brýnast hverju sinni. Við sem hér sitjum þekkjum áhrif byggingariðnaðarins, allar auðlindirnar sem hann nýtir, úrganginn sem myndast og kolefnislosunina sem af honum hlýst. Við erum örugglega flest sammála um mikilvægi þess að finna lausnir að betra verklagi og stuðla að því að hrinda þeim í framkvæmd. En oft finnst mér við vera að tala í bergmálshelli. Það er sama fólkið sem mætir á viðburði og deilir fróðleik. Á sama tíma má finna fyrir vissri græn-þreytu í samfélaginu sem er vissst áhyggjuefni. Sem grasrótarsamtök verðum við að reyna að ná til fjöldans, stækka bergmálshellinn (eða brjóta hann) og koma skilaboðunum áfram. Að gera það vel er ein af okkar stærstu áskorunum á næstu árum.


Áfram munum við svo vinna að öllum okkar verkefnum, safna saman fróðleik og deila áfram til ykkar, til að fræða og hvetja og einfalda vegferðina fyrir aðila okkar. Þar er starfsfólk Grænni byggðar að vinna frábæra vinnu. Starfsfólk Grænni byggðar var 5 talsins árið 2024, flestir í hlutastarfi, og hefur áorkað miklu. Búið er að gefa út skýrslur, opna vefsíðu með fræðsluefni, uppfæra vefsíðu Grænni byggðar, taka þátt í fjöldanum öllum af verkefnum og skipuleggja viðburði. Nánari upplýsingar er að finna í ársskýrslunni.

Ég vil þakka starfsfólki Grænni byggðar, stjórn og öllum aðilum í Grænni byggð fyrir gott samstarf á liðnu starfsári. Sérstakar þakkir færur við HMS fyrir að hýsa félagið. Ég hlakka til að fylgjast áfram með félaginu vaxa og dafna í átt að vistvænni mannvirkjagerð.

Takk fyrir mig.

Fráfarandi formaður stjórnar Grænni byggðar

Íris Þórarinsdóttir



Stjórn

Í stjórn Grænni byggðar sitja 7 stjórnarmenn. Í stjórn starfsárið 2024-2025 voru þau:



Íris Þórarinsdóttir

Formaður stjórnar

Umhverfisstjóri hjá
Reitum Fasteignafélagi



**Anna Kristín
Hjartardóttir**

*Ritari/Varaformaður
stjórnar*

Arkitekt og
verkefnastjóri hjá EFLU
verkfræðistofu



**Sunna Hrönn
Sigmarsdóttir**

Gjaldkeri

Iðnaðartæknifræðingur,
MBA



Elín Þórólfsdóttir

Teymisstjóri
starfsumhverfis
mannvirkjagerðar
hjá Húsnæðis- og
mannvirkjastofnun



**Anna Sigríður
Jóhannsdóttir**

Arkitekt FAÍ

**Alexander
Helgason**
Verkefnastjóri hjá
Búseta



**Sigríður Ósk
Bjarnadóttir**

Framkvæmdastjóri
umhverfis- og
gæðasviðs hjá
Hornsteini

Starfsemi stjórnar

Stjórn Grænni byggðar fundaði mánaðarlega árið 2024 að júlímánuði undanskildum. Í desember var óformlegur stjórnarfundur, því það verður líka stundum að vera gaman. Helstu verkefni stjórnar er að vera framkvæmdastjóra innan handar í rekstri og ákvarðanatöku, sýna félaginu aðhald og vera stefnumótandi. Stjórn sér til þess að félagið sé rekið innan þess lagaramma sem aðilarnir hafa samþykkt.

Stjórn félagsins (utan eins stjórnarmeðlims) skipaði dómnefnd fyrir val á handhafa Grænu skóflunnar 2024, þar sem farið var yfir margar góðar tilnefningar og leikskólinn Urriðaból í Garðabæ stóð uppi sem sigurvegari. Stjórnarmeðlimir koma einstöku sinnum að skipulagningu viðburða með starfsfólki, sem þó hefur veg og vanda að öllum daglegum störfum.

Góð samstaða og samvinna einkenndi vinnu stjórnar árið 2024 og skiptust meðlimir á að taka að sér ábyrgðarhlutverk.

Takk fyrir árið 2024 og við þökkum traustið.

Stjórn Grænni byggðar;

Alexander, Anna Kristín, Anna Sigríður, Elín, Íris, Sirrý og Sunna



Aðilar 2024

Eftirfarandi er yfirlit yfir alla aðila að Grænni byggð á árinu 2024. Í lok árs 2024 voru 60 aðildarfélög að Grænni byggð.

Grænni byggð býður upp á aðild í fjórum mismunandi flokkum:

- 1. Flokkur** - 750.000 kr á ári, 6 atkvæði á aðalfundi.
- 2. Flokkur** - 450.000 kr á ári, 4 atkvæði á aðalfundi.
- 3. Flokkur** - 150.000 kr á ári, 2 atkvæði á aðalfundi.
- 4. Flokkur** - 28.000 kr á ári, 1 atkvæði á aðalfundi, stuðningsaðild fyrir einstaklinga.

Aðilar að Grænni byggð og stuðningur þeirra er gríðarlega mikilvægur fyrir starfsemi samtakanna, og leitast Grænni byggð við að hafa sem fjölbreyttastan hóp af aðilum. Við þökkum aðilum okkar kærlega fyrir samstarfið og stuðninginn á árinu 2024.



Aðilar í fyrsta flokki:

BM Vallá/ Hornsteinn, Eik fasteignafélag, Framkvæmdasýslan Ríkiseignir, Heimar Fasteignafélag, Húsnæðis og mannvirkjastofnun, Reitir fasteignafélag, Verkís verkfræðistofa.



Aðilar í öðrum flokki:

Búseti, EFLA verkfræðistofa, Hafnafjarðarbær, Isavia Ohf., Landsvirkjun, Reykjavíkurborg og Vistbyggð.



Aðilar í þriðja flokki:

Alta ráðgjöf, Alverk, Arkís ehf, ASK arkitektar, Basalt Arkitektar, Byko, COWI, Eignaumsjón, exa nordic, HJARK, Hornsteinar, Húsasmiðjan, Iðan fræðslusetur, Íslandsbanki, Íslenskir aðalverktakar, Jáverk, Klasi ehf., Landmótun sf, Landslag ehf., Langeldur, Límtré Vírnet, Lota ehf, Maison, Pago, Samstæða Orkuveitu Reykjavíkur, Skipulagsstofnun, Steinull hf., Steypustöðin, Teiknistofan Tark ehf., Teiknistofan Tröð ehf., THG arkitektar, Umhverfisstofnun, Urriðaholt ehf., VA Arkitektar, Vegagerðin, Vista verkfræðistofa, VSB verkfræðistofa og VSÓ verkfræðistofa.



ALVERK
FRAMKVEMDIR OG RÁÐGJÖF



ARKÍŚ
ARKITEKTAR



ASK
ARKITEKTAR



basalt
arkitektar



BYKO



COWI



EIGNAumsjón



exa nordic



HJARK

Hulda Jóns arkitektúr ehf.



hornsteinar
arkitektar ehf



HÚSASMIDJAN



IÐAN
fræðslusetur



Íslandsbanki



ÍAV



JÁVERK



KLASI



LANDMÓTUN



LANDSLAG




LANGELDUR



Límtré Vírnet



LOTA



Aðilar í fjórða flokki (einstaklingsaðildar):

Anna Kristín Karlsdóttir, arkitekt og annar stofnandi [Lúdika arkitekta](#)

Anna Sigríður Jóhannsdóttir, arkitekt FAÍ

Arnhildur Pálmadóttir arkitekt hjá [Studio Arnhildur Pálmadóttir](#)

Bryndís Ósk Jökla Björnsdóttir, verkefnastjóri hjá Verklandi

Finnur Sveinsson, umhverfisfræðingur hjá [Visthús](#)

Hafliði Eiríkur Guðmundsson, umhverfisráðgjafi hjá [ReSource ehf](#)

Heimir Hermannsson, framkvæmdastjóri [GigOver](#)

Hildur Ýr Ottósdóttir arkitekt hjá [Ydda arkitektar](#)

Sigríður Maack, arkitekt hjá [Arktika ehf.](#)

Breytingar á aðild 2024

Á árinu 2024 urðu eftirfarandi breytingar á aðild:

Anna Kristín Karlsdóttir, arkitekt og annar stofnandi [Lúdika arkitekta](#), bættist við í einstaklingsaðild

[exa nordic](#) bættist við í 3. flokk

Hafliði Eiríkur Guðmundsson, umhverfisráðgjafi hjá [ReSource ehf](#), bættist við í einstaklingsaðild

[Landmótun sf](#) bættist við í 3. flokk

[Íslandsbanki](#) breytti í 3. flokks aðild.

Magnús Jensson arkitekt og formaður [Miðgarðs byggingarfélags](#), hætti aðild.

[Ölfusborg ehf](#) hætti 3. flokks aðild.

Grænni byggð þakkar aðilum sínum kærlega fyrir samstarfið og stuðninginn á árinu 2024.



Rekstur

Starfsfólk

				
Áróra Árnadóttir Framkvæmdastjóri	Aðalsteinn Ólafsson Verkefnastjóri	Ástrós Steingrímsdóttir Verkefnastjóri	Hanna Þráinsdóttir Miðlunar- og kynningarstjóri	Katarzyna Jagodzińska Verkefnastjóri

Árið 2024 voru fimm sem störfuðu hjá félaginu í föstu starfi og misstóru starfshlutfalli. Í október 2024 tók Katarzyna Jagodzińska við sem starfandi framkvæmdastjóri þegar Áróra Árnadóttir fór í leyfi.

Aðsetur

Grænni byggð hefur aðsetur hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun í Borgartúni 21. Þar hafa samtökin 4 starfsstöðvar og fundaraðstöðu.

Heimasíða og samfélagsmiðlar

Grænni byggð er með um 2400 fylgjendur á Facebook og leitast við að vera virkt í að dreifa faglegu efni á miðlinum, ásamt viðburðum á vegum Grænni byggðar og aðildarfélaga þess. Félagið deilir einnig efni á LinkedIn.

Á [heimasíðu Grænni byggðar](#) er mikið af útgefnu fræðsluefni undir *Útgefið efni* og *Fræðsla og miðlun*. Þar má finna ýmislegt fræðsluefni t.d. um vottunarkerfi og hringrásarhagkerfið, ásamt upplýsingum um viðburði. Á heimasíðu félagsins má einnig finna allt um almennan rekstur félagsins, svo sem ársreikninga, ársskýrslur og fundargerðir stjórnar.

Tekjur og styrkt verkefni

Aðildagjöld námu um 14 milljónum á árinu og greiddust um 70 milljónir fyrir rannsóknarverkefni. Sjá nánar um fjármál félagsins árið 2024 í ársreikningi félagsins. Nánari upplýsingar um verkefni sem Grænni byggð tók þátt í má finna hér að neðan.

Verkefni

Grænni byggð vann að tólf evrópskum, norrænum og íslenskum verkefnum á árinu. Frekari upplýsingar um þessi verkefni má finna á [heimasíðu Grænni byggðar](#).

Í mars 2024 kláraðist verkefnið *Hringrásarhagkerfið í byggingum: vistvæn hönnun hringrásarbygginga* (CIRCON). Verkefnið var unnið með tveimur samstarfsaðilum frá Póllandi og hlaut EES- og Noregsstyrki. Afrakstur verkefnisins var upplýsandi [heimasíða](#) og viðamikil [skýrsla um hin ýmsu atriði tengd hringrásarbyggingu](#).

Út árið unnum við í tveimur verkefnum. Annað verkefnanna, *Hringvangur – íslenska tengslanetið fyrir hringrásarbyggingu*, fór í loftið í desember 2023 og fólst vinnan árið 2024 að mestu í því að safna upplýsingum um hringrásarbyggingu á Íslandi, setja upp heimasiðu Hringvangs og taka þátt í nokkrum viðburðum um hringrás í byggingariðnaði. Hitt verkefnið: *Kolefnishlutlaus bygging við íslenskar aðstæður*, hafði það meginmarkmið að skilgreina hvað flokkast sem kolefnishlutlaus bygging við íslenskar aðstæður.

Um mitt ár kláraðist vinna við tvö norræn verkefni: *Nordic Networks for Circular Construction (NNCC)* og *Nordic Circularity Accelerator (NCA)*. Markmið verkefnanna var að bæta hringrásarbyggingu á norðurlöndunum með því meðal annars að auka samstarf og samnýtingu á þekkingu milli hagsmunaaðila og með því að útvega opinberum stjórnvöldum leiðbeiningar um hvernig bæta má hringrásarlausnir í hverju landi fyrir sig, á Norðurlöndunum og í Evrópu. Helsti afrakstur NNCC verkefnisins var útgáfa *Hringvangs* og NCA verkefnið leiddi af sér ýtarlega [skýrslu með leiðbeiningum fyrir opinber stjórnvöld](#).

Sumarið 2024 hófst vinna í þremur aðgerðum í *Vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð 2030*. Útkoman var efni tengt aðgerðum 4.9. *Leiðbeiningar um endurnýtingu byggingarefna* og 4.10. *Leiðbeiningar um ábyrgt niðurrif* sem má

finna á [heimsíðu Hringvangs](#) undir *Fræðsla og miðlun*. Afrakstur vinnunar á aðgerð 4.7 *Skil á rauntölum um magn byggingarúrgangs* er skýrsla byggð á söfnun og úrvinnslu gagna um úrgang á Norðurlöndunum sem þau sem stóðu að aðgerðinni geta notað í framtíðinni.

Í september 2024 hófst vinna í verkefninu *Bauhaus Goes North (BGN)* þar sem Grænni byggð leiðir verkpakka og heldur utan um skipulag á ákalli eftir dæmum um bestu starfsvenjur (e. best practice) í New European Bauhaus byggingu á Norðurlöndum. Verkefninu lýkur í ágúst 2027.

Í október 2024 kláruðum við undirbúningsrannsókn í samstarfi við Lendager Ísland. Rannsóknin kannaði kolefnisspor frá líkani af torfbæ og möguleikana á því að aðlaga tækni og efni fortíðarinnar að núverandi aðferðum. Verkefninu lauk með vel sóttum viðburði í Norræna Húsinu, *Voru torfbærir loftslagsvænir? Lærum af fortíðinni í nútímahönnun* þar sem útkoma rannsóknarinnar var kynnt fyrir fullu húsi.

Tvö verkefni kláruðust í desember 2024. Annað þeirra var *Drastic verkefnið (Demonstrating Real and Affordable Sustainable Building Solutions with Top-level whole life cycle performance and Improved Circularity)*, þar sem hlutverk Grænni byggðar var að útlista íslenska hagsmunaaðila og bæta þeim við Hagsmunaaðila kortið ([the Stakeholder map](#)) auk þess að taka þátt í kynningarmálum. Hitt verkefnið sem kláraðist í desember var *Nordic Sustainable Construction (NSC)* verkefnið, þar sem Grænni byggð bar ábyrgð á verkpakka 4 - *Losunarlausir verkstaðir*.

Síðast en ekki síst sótti Grænni byggð um evrópska og íslenska styrki á árinu. Um mitt ár sótti Grænni byggð um styrk frá European Interreg NPA Programme fyrir verkefnið *CircUpscale – Promoting industrial circular economy in the NPA area*, með fimm samstarfsaðilum frá Finnlandi, Írlandi og Svíþjóð. Undir lok árs sóttum við um styrki í Ask – mannvirkjarannsóknasjóð fyrir sex verkefni:

- 1) Betri grunnviðmið kolefnisspors vegna losunar frá verkstöðum með notkun raungagna.
- 2) Gildi sjálfbærni og heilnæmi í mannvirkjagerð: Greiðsluvilji, vægi einginleika og óskir neytenda. Er vistvænt og heilnæmt, söluvænt?
- 3) Housing sufficiency in Iceland.
- 4) Hringvangur – Icelandic network for circular construction.

- 5) Rannsaka möguleikana og tækifærin á innleiðingu hringrásarhagkerfis í auknum mæli tengt notkun byggingarefna.
- 6) Torfhús – getum við lært af fortíðinni?

Tengslahópar

Á árinu voru fjórir tengslahópar stofnsettir með það að markmiði að meðlimir hefðu vettvang til þess að deila reynslu og kunnáttu sín á milli, meðal annars varðandi komandi kröfur um lífsferilsgreiningar í byggingarreglugerð, aðgerðir úr *Vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð 2030*, breytingar í v7 í BREEAM vottunum, blágrænar ofanvatnslausnir, og vægi losunar í útboðum. Hóparnir eru því kjörið tækifæri fyrir meðlimi Grænni byggðar til þess að víkka sín tengslanet og deila hugmyndum. Hóparnir eru eftirfarandi:

- Tengslahópur Grænni byggðar um lífsferilsgreiningar
- Tengslahópur Grænni byggðar um vottanir
- Tengslahópur Grænni byggðar um vistvæna innviði
- Tengslahópur Grænni byggðar um opinber innkaup.

Hóparnir samanstanda af 23-47 meðlimum sem í sameiningu ákveða fjölda funda og umræðuefni á hverjum fundi. Á árinu hittist hver hópur að meðaltali á tveggja til þriggja mánaða fresti.



Viðburðir

Grænni byggð hélt fjölda viðburða árið 2024. Á heimasíðu Grænni byggðar má finna nánari dagskrá viðburðanna og upptökur og/eða glærur frá flestum viðburðum ársins [hér](#).

Rafræn málstofa: Emission-free construction sites: Knowledge gaps and research needs

Net-viðburður var haldinn 15. Febrúar til að kynna útgáfu skýrslunnar *Emission-free Construction Sites - Knowledge Gaps and Research needs*. [Skýrslan](#) er önnur skýrsla verkpakka 4 í Nordic Sustainable Construction verkefninu. Við kynntum nýja útgáfu sem snýr að losunarlausum verkstöðum í verkefninu [Nordic Sustainable Construction](#), en skýrslan bendir á hvar áherslur ættu að liggja í þekkingaröflun og tilraunaverkefnum.

Tölum um hringrásarhagkerfið

Tölum um hringrásarhagkerfið var vinnustofa með 28 fulltrúum úr íslenska byggingargeiranum sem miðaði að því að finna leiðir til þess að bæta og auka hringrásarhugsun í byggingariðnaði á Íslandi, Norðurlöndunum og í Evrópu. Mögulegar aðgerðir í þrem flokkum voru ræddar (bætt byggingarhönnun, rétt skráning á umhverfisáhrifum nýbygginga og endurbóta, draga úr áhættu og bæta hagkvæmni hringrásarverkefna). Vinnustofan var skipulögð innan [Nordic Circularity Accelerator](#) verkefnisins og haldin þann 28. febrúar. Niðurstöður vinnustofunnar voru birtar í skýrslunni [Accelerate Circular Construction - Recommendations for Public Authorities](#).

Endurnotkun byggingarefna

Endurnotkun byggingarefna var viðburður fyrir iðnaðarmenn, verktaka, hönnuði og aðra sem starfa í bygginariðnaði og var haldinn þann 7. maí. Markmiðið með viðburðinum var að þessir aðilar gætu deilt upplifunum sínum og praktískum upplýsingum um meðhöndlun byggingarefna (t.d. glugga, dyra, hreinlætisvara (baðherbergi), ljósa-og eldhúsvara) fyrir endurnotkun. Viðburðurinn var haldinn í samstarfi við Iðuna – fræðslusetur og Efnisveituna.

Vinnustofa um umhverfisskilyrði í útboðum og verksamningum

16. mars 2024 boðuðu Ríkiskaup, Samtök iðnaðarins, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Grænni byggð til opins samtals um umhverfisskilyrði í útboðum og verksamningum hér á landi. Viðburðurinn hófst með fjórum fyrirlestrum um aðgerð 6.4 í *Vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð*, málefni tengd umhverfinu í opinberum innkaupum, niðurstöður úr svarkönnun um notkun á umhverfisskilyrðum í útboðum og verksamningum fyrir þjónustu- og vörukaup í mannvirkjageiranum á Íslandi, og umhverfisskilyrði á hinum Norðurlöndunum. Þá ræddu þátttakendur um forgangsröðun og mikilvægustu atriði þegar kemur að útboðum og tilboðum.

Með sjálfbærni að lífsstarfi

Þann 21. mars héldu Háskóli Íslands, Arkitektafélag Íslands, Grænni byggð og HMS málþing um sjálfbærar lausnir Jóns Kristinssonar arkitekts í tilefni af 60 ára starfsafmælis Jóns. Málþingið hófs með fjórum kynningum um samþætta sjálfbæra hönnun, hvernig á forðast rakaskemmdir, tryggja loftgæði innanhúss og hringrásarbyggingu. Málþinginu lauk með pallborðsumræðum um margvísleg atriði tengd sjálfbærni í byggingargeiranum.

Aðalfundur Grænni byggðar

Aðalfundur Grænni byggðar fór fram þann 24. apríl 2024 í fyrirlestrarsal Verkís. Áður en almenn fundarsköp hófust fóru fram kynningar um útreikninga á kolefnisspori innviðaverkefna og framtíðar kröfur um LCA greiningar í útgáfu byggingarleyfa.

Íslenskar timburvörur fyrir byggingar

Ráðstefnan *Íslenskar timburvörur fyrir byggingar* beindi sjónum að mismunandi þáttum notkunar á timbri í byggingu, meðal annars: kolefnisspor timburvara, CE merkingar og staðlar, áskoranir og áhættur tengdar því að nota timbur, ráð um hvernig nota á timburvörur, og framtíð íslensks timburs. Ráðstefnan var haldin 15. maí, var hluti af Nýsköpunarvikunni og haldin af Grænni byggð, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Landi og skógi, Trétækni ráðgjöf slf., og Bændasamtökum Íslands.

Dagur Grænni byggðar

Dagur Grænni byggðar var haldinn þann 25. september 2024 í IÐNÓ. Ráðstefnan hófst með fyrirlestri frá danska arkitektinum Kasper Benjamin Reimer Bjørkskov, sem ræddi samfélagslega þætti tengda vistvænni mannvirkjagerð og sýndi fram á að hægt er að byggja byggingar með lágt kolefnisspor án þess að kostnaður hækki. Ráðstefnan hélt síðan áfram með fræðandi og skemmtilegum fyrirlesturum frá ýmsum aðilum úr íslenska byggingargeiranum og loks pallborðsumræðum. Í lok dags var Græna skóflan afhent. Verðlaunin í ár hlaut leikskólinn Urriðaból í Garðabæ.



Myndir: Ástrós Steingrímisdóttir

Rafræn málstofa: *Emission-free Construction Sites - Guidelines*

Net-viðburður var haldinn 27. September til að kynna útgáfu skýrslunnar [*Emission-free Construction Sites - Guidelines*](#). Skýrslan útlistar nýjustu bestu starfsvenjur í skipulagningu og framkvæmd á því að draga úr losun á verkstað. Skýrslan er þriðja skýrsla verkpakka 4 í [Nordic Sustainable Construction verkefninu](#).

Voru torfbærir loftslagsvænir? Lærum af fortíðinni í nútímahönnun

Morgunfundurinn *Voru torfbærir loftslagsvænir? Lærum af fortíðinni í nútímahönnun* var haldinn þann 8. október. Fundurinn hófst með fyrirlestri um sögu torfbæja á Íslandi. Eftir það voru niðurstöður rannsóknar þar sem kolefnisspor af líkani af torfhúsi var reiknað kynntar. Að lokum var fyrirlestur um hvernig við getum lært af fortíðinni og aðlagð aðferðir hennar að nútímanum. Fundurinn var skipulagður af Grænni byggð og Lendager Ísland og var hluti af undirbúnings rannsókn um hvernig við getum lært af fortíðinni og aðlagð tækni, aðferðir og byggingarefni fortíðarinnar að nútíma byggingaraðferðum.



Myndir: Ástrós Steingrímsdóttir

Fjölmiðlar

Framkvæmdastjóra Grænni byggðar, Áróru Árnadóttur ásamt Arnhildi Pálmadóttur, arkitekt var boðið í útvarpsþáttinn Samfélagið á Rás 1 til þess að ræða verkefnið um torfbæi, kolefnisspor torfbæjar og möguleikann á að nýta tækni og efni fortíðarinnar í nútíma byggingariðnaði. Upptaka af þættinum er aðgengileg [hér](#).

Aðalsteinn Ólafsson, verkefnastjóri hjá Grænni byggð tók þátt í kynningarverkefni á vegum World Green Building Council og var andlit Grænni byggðar í kynningarmyndbandi tengdu *Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (COP29)*. Myndbandið má finna [hér](#).

Þátttaka í viðburðum og erlent samstarf

Verkefnastjóri var með fyrirlestur um losunarlausu verkstaði á *Örkyningum Orkusjóðs og Grænu orkunnar* í október og á *Degi Verkfræðinnar* í nóvember. Framkvæmdastjóri og einn verkefnastjóranna sóttu ýmsa fundi á vegum World Green Building Council. Þau tóku þátt í stefnumótunarhópi (Policy Taskforce), verkefnahópi (Project Taskforce), hópi um sjálfbær fjármál (Sustainable Finance Taskforce) og fleiri hópum á vegum European Regional Network (ERN). Grænni byggð hlaut styrk fyrir *Drastic* verkefnið, sem er unnið innan ERN. Við sóttum einnig árlega ráðstefnu World Green Building Council í London, þar sem við fræddumst um reynslu samtaka frá öðrum Evrópulöndum, til dæmis af því að skilgreina hvað getur talist sem kolefnishlutlaus bygging og um flækjustig sem fylgja breyttum kröfum þegar kemur að upplýsingagjöf um sjálfbærni.



Norrænt samstarf í Nordic Green Building Council átti sér stað í gegnum verkefni *Nordic Networks for Circular Construction* og *Nordic Circularity Accelerator* á árinu. Frekari upplýsingar um verkefnið má finna á [heimasíðunni okkar](#).

Við höfum árið í nánun samstarfi við Polish Green Building Council og Silesian University of Technology í gegnum CIRCON verkefnið. Við stofnuðum einnig til samstarfs við ýmsa hagsmunaaðila á Norðurlöndunum og í Evrópu á árinu, helst frá Færeyjum, Finnlandi, Írlandi, Noregi og Svíþjóð í gegnum tillögu að verkefninu *CircUpscale – Promoting industrial circular economy in the NPA area project* og verkefninu Bauhaus Goes North. Þetta samstarf stækkaði sterkt tengslanet okkar á Norðurlöndunum (byggt upp í gegnum samtarf í gegnum Nordic Networks for Circular Construction og Nordic Sustainable Construction til dæmis) enn frekar.

Verkefnastjórar verkefnisins *Losunarlausir verkstaðir* fóru til Þórshafnar og Kaupmannahafnar á verkefnafund Nordic Sustainable Construction, og kynntu stöðu og nýjustu niðurstöður vinnupakka 4. Þar sem verkefnið kláraðist á árinu var haldið málþing í Kaupmannahöfn í Desember þar sem allar niðurstöður verkefnisins voru kynntar fyrir hagaðilum. Verkefnastjóri verkefnisins fór á málþingið ásamt fulltrúa frá Innviðaráðuneytinu og fulltrúum frá Húsnæðis og Mannvirkjastofnun.

Verkefnastjórar verkefnisins tóku einnig þátt í alþjóðlega samstarfshópnum Leap to Zero sem hefur það markmið að deila reynslu þegar kemur að því að draga úr losun frá verkstöðum bæði í byggingarframkvæmdum og innviðaframkvæmdum.

Þá var einn af verkefnastjórum verkefnisins, Ástrós Steingrímsdóttir, í hópi sérfræðinga í tengslum við skýrslu frá Ramboll sem ber nafnið [Towards low carbon transport infrastructure in the Nordics](#).


Námskeið og fyrirlestrar

Einn af verkefnastjórum Grænni byggðar, Katarzyna Jagodzińska, hélt nokkra eins og hálfstíma fyrirlestra fyrir aðila um ýmsa þætti hringrásarbyggingar. Grænni byggð hélt einnig gestafyrirlestur í: *Climate.now* námskeiðinu í Aalto háskóla í Finnlandi, námskeiðinu *Umhverfisskipulag* (Environmental Planning) í Háskóla Íslands og námskeiðinu *Hringrásarhagkerfið í byggingariðnaði* í Háskóla Íslands. Samtökin kynntu einning starfsemi sína fyrir hópi af Finniskum fasteignasérfræðingum á vegum þjálfunarfyrtækisins Kiinko.

Útgefið efni

Árið 2024 gaf Grænni byggð út fjölda af skýrslum, sem má finna á heimasíðu samtakanna, auk fimmtán fréttabréfa. Hér að neðan eru frekari upplýsingar um útgefið efni:

- Grænni byggð gaf út níu fréttabréf á árinu, í mars, maí, júní, júlí, ágúst, september, október, nóvember og desember. Þar að auki voru fimm fréttabréf send út á vegum verkefnisins *Losunarlausir verkstaðir* og eitt fréttabréf frá *Hringvangi*.
- Upptökur frá viðburðum og/eða glærur voru settar inn á heimasíðu Grænni byggðar.
- Verkefnið *Losunarlausir verkstaðir* sem er hluti af Norræna verkefninu *Nordic Sustainable Construction* gaf út skýrslu á árinu. Skýrslan heitir *Guidelines for Emission-free Construction Sites* og er hugsuð sem leiðbeiningar fyrir hagaðila til að draga úr losun frá verkstað. Skýrslunni er skipt í fjóra hluta, einn fyrir hvern hagaðila hóp. Einnig gaf verkefnið út reiknivél til að áætla kostnaðarhagkvæmni rafknúinna vinnuvéla.
- Grænni byggð gaf út skýrslu á árinu með [tilmælum til opinberra aðila um hvernig má flýta fyrir hringrásarbyggingu á Norðurlöndunum](#). Skýrslan er byggð á niðurstöðum úr vinnustofum sem haldnar voru í Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð og á Íslandi þar sem fulltrúar mismunandi geira innan byggingariðnaðarins ræddu helstu áskoranir en einnig möguleika og mögulegar lausnir sem gætu auðveldað hringrásarbyggingu í hverju landi, á Norðurlöndunum og í Evrópu. Verkefnið var styrkt af Norrænu ráðherranefndinni.
- Grænni byggð lagði sitt af mörkum í [lokaskýrslu verkefnisins Nordic Networks for Circular Construction](#). Skýrslur verkefnisins samanstanda af mikilvægum niðurstöðum úr verkefninu og leggja áherslu á að breyta þeim í framkvæmanlegar tillögur og stefnumótun. Verkefnið var styrkt af Norrænu ráðherranefndinni.



- Grænni byggð lagði sitt af mörkum í Hagsmunaaðila kortið ([Stakeholder Map](#)), sem sýnir helstu hagsmunaaðila Evrópu sem vinna með hringrásarhagkerfið í byggingariðnaði. Hagsmunaaðilakortið var birt í gegnum [Drastic](#) verkefnið. Drastic er hluti af rannsóknarframtaki Evrópusambandsins, Horizon Europe.
- Grænni byggð vann að tveimur aðgerðum í *Vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð 2030: 4.9. Leiðbeiningar um endurnýtingu byggingarefna og 4.10. Leiðbeiningar um ábyrgt niðurrif*. Afraksturinn var gefin út í fræðslugreinum á [heimasíðu Hringvangs](#) undir *Fræðsla og miðlun*.

Græn stefnumótun

Árið 2024, hélt Grænni byggð vinnu sinni í grænni stefnumótun áfram í gegnum Byggjum Grænni Framtíð. Verkefnið á meðal annars rætur sínar að rekja til aðgerðar C.3 í [aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum](#).

Hlutverk Grænni byggðar í verkefninu *Byggjum grænni framtíð*

Byggjum grænni framtíð (BGF) er samstarfsverkefni stjórnvalda og hagaðila byggingariðnaðarins sem miðar að því að styðja við vistvæna mannvirkjagerð á Íslandi. Verkefnið var stofnað árið 2020 og hefur **Grænni byggð** verið virkur þátttakandi frá upphafi – bæði sem einn af stofnendum verkefnisins og sem fulltrúi í verkefnastjórn sem styður við *Vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð 2030*. Grænni byggð hefur gegnt lykilhlutverki í mótun og framkvæmd aðgerða sem miða að því að draga úr umhverfisáhrifum bygginga og styðja við sjálfbæra þróun í greininni.

Framlag Grænni byggðar árið 2024

Á árinu 2024 kom Grænni byggð að eftirfarandi aðgerðum innan ramma BGF:

- *Aðgerð 1.5 – Stuðla að auknu samtali ólíkra hagaðila um uppbyggingu á úrvinnslu skógarafurða og annarra tengdra afurða:*
Grænni byggð tók þátt í skipulagningu ráðstefnunnar *Íslenskar timburvörur fyrir byggingar*, þar sem fjallað var um stöðu, áskoranir og framtíð íslensks timburs í

byggingariðnaði. Ráðstefnan var haldin í samstarfi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Land og skóg, Trétækniráðgjöf slf. og Bændasamtök Íslands.

- *Aðgerð 4.7 – Skil á rauntölum um magn byggingarúrgangs:*
Unnið var yfirlit yfir kerfi og aðferðir til gagnasöfnunar og úrvinnslu úrgangs í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Markmiðið er að læra af reynslu nágrannalanda og nýta þá þekkingu við þróun innlendra lausna.
- *Aðgerð 4.9 – Leiðbeiningar um endurnýtingu byggingarefna og Aðgerð 4.10 – Leiðbeiningar um ábyrgt niðurrif:*
Unnar voru hagnýtar leiðbeiningar um ábyrgt niðurrif og endurnýtingu algengra byggingarvara, m.a. timburs, steypu, glugga, hurða, hreinlætistækja og brunavarna.
- *Aðgerð 5.1.7 – Kolefnishlutlaus bygging fyrir íslenskar aðstæður skilgreind:*
Unnin var skýrsla sem leggur grunn að framtíðar NettóNúll vottun. Þar er fjallað um aðferðafræði við útreikning kolefnisspors, meðhöndlun staðlaðra gagna þegar raunveruleg gögn skortir, og kolefnisjöfnun eftir þörfum.
- *Aðgerð 6.4 – Skilgreina samræmd umhverfisskilyrði fyrir útboð og verksamninga:*
Grænni byggð stóð fyrir vinnustofu með opnum umræðum og hópavinnu um forgangsröðun og áherslur í samræmdum umhverfisskilyrðum fyrir útboð og valforsendur fyrir tilboð. Vinnustofan var haldin í samstarfi við Ríkiskaup, Samtök iðnaðarins og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.
- *Aðgerð 6.9 – Koma á fót hvatningarverðlaunum fyrir vistvæna mannvirkjagerð:*
Grænni byggð stofnaði og veitir árlega hvatningarverðlaunin *Græna skóflan* fyrir framúrskarandi vistvæna mannvirkjagerð. Verðlaunin hafa verið veitt síðustu þrjú ár á viðburðinum *Á Degi Grænni byggðar*.

Grænni byggð gegnir mikilvægu hlutverki í virðiskeðju verkefnisins Byggjum grænni framtíð – sem hvetjandi afl, tengiliður ólíkra hagaðila og framkvæmdaraðili aðgerða. Nánari upplýsingar um aðgerðir má finna á byggjumgraenniframtid.is/adgerdir.

Heimasíða verkefnisins er:
www.byggjumgraenniframtid.is



**Byggjum
grænni framtíð**

Græna Skóflan 2024

Mannvirkið sem hlaut Grænu skófluna árið 2024 er Urriðaból - leikskóli í Garðabæ. Að hönnun og framkvæmd stóðu eftirtaldir aðilar:

- Arkitekt/Aðalhönnuður: **HJARK**
- Arkitekt: **Sastudio**
- Burðarþolshönnun: **Exa nordic**
- Lagnahönnun: **Teknik**
- Raflagnahönnun: **Lota**
- Hljóðvistarhönnun: **Myrra**
- Landslagshönnun: **Teiknistofa Norðurlands**
- Verkkaupi: **Garðabær**
- Verktaki: **Þarfaping**
- Eftirlit: **Strendingur**
- Aðalverktaki: **Eykt ehf.**



Í niðurstöðu dómnefndar segir um mannvirkið:

Mannvirkið ber með sér vandaða hönnun og samræmingu allra sem að verkinu koma. Hún gefur sterka tilfinningu fyrir mannlegum skala og næmni gagnvart notandanum. Vellíðan notandans er hér í fyrirrúmi auk þess sem efnisval og meðhöndlun þess er unnin á forsendum umhverfisins og arkitektónískrar fagurfræði. Byggingin er vottuð af Svaninum - Norræna umhverfismerkinu sem einnig er hvatning til annarra hönnuða að nýta sér, til aukinnar vistvæni.

Niðurstaðan var einhlít þó svo að mjótt væri á munum.